

þær til þess að styrkja byggingu nýs minnisvarða um drukknada frá Ólafsfirði, þegar sá minnisvarði, sem nú er í garði kirkjunnar, er fullsettur.

5. gr.

Málefnum sjóðsins er stjórnað af Hallgrímsnefnd Ólafsfjarðar í samræmi við þessa skipulagsskrá. Skal nefndin halda nákvæmt bókhald um tekjur og gjöld sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir og lagðir fram um hver áramót. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

16. september 1969.

Nr. 231.

REGLUGERÐ

um 6. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 6. flokkur. Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 100 000.00, 50 000.00, 10 000.00 og 5 000.00 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja 20 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, fjárfestingar og jarðakaupa, sem þeir hafa ráðist í á árunum 1961—1968, að háðum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 8½% á ári, er greiðast eftir á fyrir eitt ár í senn hinn 2. maí ár hvert.

4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingarblaðinu með 6 mánaða fyrirvera, tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjald-dagi innleysta bréfa og vaxtamiða er 2. maí ár hvert.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 20 árum.

Ársvextir skulu vera 9%, þar í innifalið $\frac{1}{2}\%$ kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115 7. nóvember 1941 um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30. apríl 1930, að því er snertir lánaflokk þennan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og lögum nr. 31 25. apríl 1969 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 9. júlí 1969, um 6. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. september 1969.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 232.

18. september 1969.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið eftirgreindar breytingar á reglum þeim, sem settar voru 12. júní s. l. með auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Bátum innan lögmætra stærðartakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi og leyfi hafa fengið til dragnótaveiða, eru heimilar dragnótaveiðar á svæði frá línu, sem dregin er réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem dregin er réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi með sömu takmörkunum og áður hafa verið ákveðnar. Þó eru dragnótaveiðar óheimilar í Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. september 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Nr. 233.

17. september 1969.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps, með eftirfarandi fyrirvörum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps:

1. Breidd gatna og tilhögun gatnamóta eru ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.